

## LÖG

### um breytingu á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

- a. Við 1. mgr. bætist nýr töluliður, er verður 9. tölul., sem orðast svo: Af hráefni, efnivörum og hlutum sem bera magntoll (A1-tollur) samkvæmt viðauka I við lög þessi og ætluð eru í innlendar framleiðsluvörur, svo og af umbúðum fyrir slíkar vörur. Ef aðvinnsla sem á sér stað hér á landi er óveruleg, svo sem pökkun, umpökkun, átöppun eða blöndun, telst framleiðsluvara ekki vera innlend í skilningi þessa töluliðar.

- b. 2. mgr. orðast svo:

Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um skilyrði niðurfellingar, lækkunar eða endurgreiðslu tolls samkvæmt þessari grein, að undanskildum 9. tölul. 1. mgr. Landbúnaðarráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um skilyrði niðurfellingar, lækkunar eða endurgreiðslu skv. 9. tölul. 1. mgr. Gera má að skilyrði lækkunar eða niðurfellingar tolls samkvæmt þessari grein að lögð sé fram fullnægjandi trygging fyrir greiðslu aðflutningsgjalda.

#### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 26. mars 2003.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Guðni Ágústsson.*